



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 14. september 2026

SFS26080053

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar og Vinstrisins um aðkomu skóla- og frístundaráðs að vinnu með fjárhagsáætlun 2027

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 17. ágúst 2026, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar og Vinstrisins:

Hvernig verður aðkomu skóla- og frístundaráðs háttað að vinnu með fjárhagsáætlun sviðsins fyrir árið 2027? Þá er sérstaklega átt við aðkomu fulltrúa minnihlutans og áheyrnarfulltrúa.

Svar:

Haldinn var samráðsfundur með kjörnum fulltrúum í skóla- og frístundaráði og leikskóla- og daggæsluráði um fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs þann 7. september 2026. Kjörnir fulltrúar fengu tækifæri til að senda inn ábendingar um fjárhagsáætlun í kjölfar fundar og þeim safnað saman. Ekki er gert ráð fyrir að áheyrnarfulltrúar eigi aðkomu að undirbúningi fjárhagsáætlunar nema þegar hún verður formlega kynnt á fundi ráðsins.



Reykjavík